

Verkefnisstjórn um aðgang að rafrænum gagnasöfnum

Starfsáætlun 2002

Samþykkt á fundi verkefnisstjórnarinnar 13. 02. 2002

Í samræmi við erindisbréf og starf á árinu 2001 hyggst verkefnisstjórnin leggja áherslu á eftirfarandi starfsmarkmið á árinu 2002:

- a) Meta þörf og eftirspurn eftir rafrænum gagnasöfnum til undirbúnings ákvarðana um endurnýjun eða lok samninga sem renna út árið 2002.
- b) Tryggja fjárhagslegan grundvöll starfseminnar.
- c) Auka notkun á rafrænum gagnagrunnum og tímaritum.

Verkefnisstjórnin hyggst ná starfsmarkmiðum sínum með eftirgreindum hætti:

a) Þarfagreining

Að meta þörf og eftirspurn eftir rafrænum gagnasöfnum til undirbúnings ákvarðana um endurnýjun eða lok samninga sem renna út árið 2002 felur í sér eftirfarandi:

1. Gera úttekt á notkun einstaka gagnagrunna og tímaritasafna.
2. Meta hvaða samninga um gagnagrunna æskilegt er að semja við þegar núverandi samningar renna út.
3. Semja um nýja erlenda gagnagrunna og tímarit.
4. Semja um aðgang að innlendum gagnasöfnum.

b) Fjármál

Að tryggja fjárhagslegan grunn starfseminnar felur í sér eftirfarandi:

1. Leita leiða til að tryggja fjármagn af fjárlögum.
2. Skapa samstöðu um kostnaðarþátttöku stofnana, skóla og bókasafna.
3. Leita að sérstökunm styrktaraðilum.

c) Kynning og fræðslustarf

Að auka notkun á rafrænum gagnagrunnum og tímaritum felur í sér eftirfarandi:

1. Hafa forgöngu um almenna kynningu og fræðslu tengda rafrænum gagnagrunnum fyrir markhópa og almenning.
2. Þróa vefsíðu verkefnisstjórnarinnar um aðgang og notkun upplýsinga og hvernig auðvelt er að leita að gögnum og vinna með þau.
3. Halda uppi tengslum við samstarfshópa bókasafns- og upplýsingafræðinga, við faghópa og við fulltrúa netþjónustufyrirtækja.
5. Tengja rafræna gagnagrunna og tímarit við nýstofnað bókasafnskerfi.